

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Borðeyrar.

4

15. jan.

1. gr.

Vatnsveita Borðeyrar er fyrirtæki, sem Bæjarhreppur er eigandi að og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja á Borðeyri, eftir því sem við verður komið og nánar er fram tekið í reglugerð þessari. Vatnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu: Vatnsveita Borðeyrar. Skal rekstur veitunnar vera að öllu óviðkomandi sveitarsjóði Bæjarhrepps.

2. gr.

Vatnsveita Borðeyrar hefur einkarétt til sölu vatns á veitusvæðinu.

3. gr.

Hreppsnefnd Bæjarhrepps hefur á hendi yfirstjórn veitunnar, en framkvæmdastörf, er veituna varða, getur hún falið öðrum, og heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann fyrir vatnsveituna, er hafi eftirlit með veitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er hreppsnefnd felur honum.

4. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæð veitunnar, nema með leyfi hreppsnefndar og aðeins undir stjórn umsjónarmanns veitunnar eða annars, sem hreppsnefnd viðurkennir til þess.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra. Gildir það jafnt um gamlar sem nýjar lagnir.

Skýlt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema samþykki hreppsnefndar komi til. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum veitunnar.

5. gr.

Skýlt er þeim, sem nota vatn frá vatnsveitunni, að fara eftir fyrirmælum umsjónarmanns veitunnar um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna, og annað það, sem lýtur að vatnslögnum í og við hús þeirra.

Heimilt er umsjónarmanni vatnsveitunnar að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu veitunnar, sem hann telur nauðsynlegar. Loka má fyrir vatn meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymum eða æðum vatnsveitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrir fram, ef þess er kostur.

6. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem eru sérmetnar til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur 5% — fimm af hundraði — af fasteignamatsverði árlega. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 200.00 af hverri húseign. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, greiðist árlega kr. 200.00 af hverri íbúð, sem fram yfir er.

4

15. jan.

7. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

Fyrir vatn í steypu, af hverri notaðri sementstunnu kr. 0.50.

Fyrir gripi, þar sem vatn er leitt í hús:

- | | |
|--|-----------|
| a. Fyrir hvern nautgrip, sem inni er að vetri | kr. 30.00 |
| b. Fyrir hvert hross, sem inni er að vetri | — 20.00 |
| c. Fyrir hverja sauðkind, sem inni er að vetri | — 1.00 |
| Fyrir hverja sauðkind, sem slátrað er í sláturhúsi | kr. 0.60 |
| Fyrir hvern stórgrip, sem slátrað er í sláturhúsi | — 8.00 |

Heimilt er að leggja vatnsskatt á hverja skrásetta bifreið á Borðeyri, allt að kr. 75.00, ef aðstaða verður til þvottar.

Fyrir önnur vatnsnot, svo sem til iðnaðar, skipa eða hvers annars, skal greiða eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild eða einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn.

9. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. nóvember ár hvert, en af vatni til atvinnureksturs í lok hvers mánaðar. Greiðist vatnsskattur ekki á réttum gjalddaga, falla á hann dráttarvextir.

Vatnsskattinn má einnig taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

Hreppsnefnd eða umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur á hendi reikningshald og innheimtu fyrir veituna.

Reikningsárið er almanaksárið, og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir með reikningum hreppsins ár hvert.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bæjarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 21. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. janúar 1957.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.